

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð
fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu menntamálaráðuneytisins fallizt á svofellda breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 47/1942:

1. gr.

Aftan við 32. gr. bætist:

6. Uppeldis- og kennslufræði fyrir kennaraefni við skóla gagnfræðastigsins og menntaskóla.

Námstími er ætlaður minnst eitt háskólamisseri. Námið er tvíþætt, bóklegt og verklegt.

Bóklega námið er fólgið í uppeldisfræði, sálfræðilegri, hagnýtri og sögulegri. Val kennslubóka í þessum greinum ákveður prófessorinn í heimspeki við háskólann í samráði við fræðslumálastjóra. Kennslu þessa hefur heimspékideild háskólans með höndum, og skal hún vera minnst fjórir tímar á viku. Nemendur, sem dveljast við kennsluæfingar utan Reykjavíkur, geta, í samráði við heimspékprófessor háskólans stundað nám þetta utan háskólans.

Verklega námið er fólgið í því að hlýða á kennslu skólakennara í þeirri grein eða greinum, sem nemandinn hyggst að öðlast kennsluréttindi í, svo og að kenna sjálfur þessar greinar undir handleiðslu viðurkenndra kennara. Fjöldi æfingastunda er hið minnsta 8 stundir á viku. Eftir því sem við verður komið og hentugt þykir, fari æfingakennslan fram í sams konar skólum sem nemendur búa sig undir að kenna í.

2. gr.

Á eftir 52. gr. komi ný grein, svolátandi:

Próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Próf í bóklegu greinunum er bæði skriflegt (4 tíma ritgerð án hjálpargagna) og munnlegt. Um prófurlausnir dæma kennararnir og stjórnskipaður prófdómari.

Verklega prófið er í því fólgið, að kenna tvær stundir í hverri kennslugrein. Um verklega prófið dæma aðalæfingakennarinn í viðkomandi grein, prófessorinn í heimspeki við háskólann og stjórnskipaður prófdómari.

Einkunnir eru fjórar: 1. ágætiseinkunn, 1. einkunn, 2. einkunn og 3. einkunn. Sá, sem hlotið hefur hina síðastnefndu einkunn, hefur ekki staðizt prófið. Ganga má undir prófið tvisvar hið mesta, og verður a. m. k. að líða misseri milli prófa. Nú hefur nemandi verið dæmdur hæfur í öðrum þætti prófsins, en ekki í hinum, og þarf hann þá ekki að endurtaka þann þátt prófsins, er hann hefur áður staðizt.

Fræðslumálastjóri getur í samráði við prófessorinn í heimspeki veitt kennaraefnum undanþágu frá að taka þátt í kennsluæfingum eða ganga undir próf þetta, annan þátt þess eða báða, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

I menntamálaráðuneytinu, 28. desember 1950.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.